



Fréttatilkynning
07 December 2023 17:30:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Tilkynning um endurkaup á skuldabréfum í flokksnum ISB CBI 24

Íslandsbanki hf. tilkynnir um endurkaup á skuldabréfum í flokksnum ISB CBI 24 (ISIN: IS0000021277) sem fer fram þann 14. desember 2023 gegn greiðslu. Endurkaupaverðið verður ákveðið með öfugu útboðsfyrirkomulagi þar sem skuldabréfin verða keypt á lægstu samþykktu ávöxtunarkröfunni (hollenskt fyrirkomulag).

Íslandsbanki áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 21. desember 2023.

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hefur umsjón með endurkaupunum. Tilboðum vegna endurkaupanna skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 14. desember 2023.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Jóni Guðna Ómarssyni, bankastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Tilkynning um endurkaup á skuldabréfum í flokksnum ISB CBI 24](#)